



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 31. ágúst 2020

1911003HA GG/vrh
Málalýkill: 31.01

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt um fyrirhugaða breytingu á hafnalögum. Í tilkynningunni er úrlausnarefnið tilgreint í aðalatriðum sem eftirfarandi:

1. Breyting vegna innleiðingar reglugerðar ESB nr. 352 frá 2017 m.a. vegna fjárhagslegs gagnsæis hafna, jafnræði aðila, samráð við hagsmunaaðila og notendur auk skilyrða fyrir veitingu þjónustu í höfnum.
2. Gjaldtaka vegna fiskeldis.

Hafnasamband Íslands tekur undir nauðsyn þess að endurskoða ákvæði hafnalaga vegna fiskeldis og bendir á að skoða megi fleiri ákvæði laganna varðandi gjaldtöku hafna, m.a. hvort hafnir geti valið milli þess að miða aflagjöld við verðmæti afla eða þyngd.

Varðandi reglugerð ESB þá er minnt á eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar:

1. Aðildarríki geta ákveðið að reglugerðin gildi ekki um hafnir við sjó sem staðsettar eru við ystu svæði samkvæmt 349. grein sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.
2. Reglugerðin er rammi sem aðildarríkin og ríki innan EES geta útfært með misunandi hætti.
3. Reglugerðin innleiðir ekki tiltekið líkan fyrir stjórnun hafna og hefur ekki áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að veita þjónustu í almannapágu, sem er ekki af efnahagslegum toga.
4. Kallað er eftir gagnsæi varðandi veitingu opinberra fjármuna til hafna.
5. Í reglugerðinni er áhersla lögð á að samráð við notendur hafna felist í samráði um gjaldskrárstefnu, landnotkunarskipulag, samræmingu hafnarþjónustu, umhverfisleg málefni, heilbrigði starfsmanna og öryggi, og upplýsingagjöf. Mikilvægt er að reglur í þessu efni taki mið af starfsumhverfi íslenskra hafna og almennum reglum laga sem þegar eru í gildi.

Af hálfu HÍ skal nefnt að þörf er á umfjöllun um breytingar á hafnalögum og tengdum lögum um eftirfarandi atriði:

1. Skilgreiningu á valdheimildum hafna á hafnarsvæðum á sjó.
2. Ákvæðum um skyldu til notkunar á hreinni orku í höfnum og umhverfisafslætti í tengslum við ákvæði laga og reglna um eldsneyti skipa og orkuskipti á sjó.




3. Ákvæði um hafnsögupjónustu, hver hafi heimild til að veita þjónustuna og skilyrði fyrir að bjóða þá þjónustu m.a. m.t.t. til trygginga, þjálfunar og réttinda.
4. Ákvæði um mönnun og lögsrkáningu áhafna á dráttar- og lóðsbáta.
5. Ákvæði um skilgreiningu á því hvaða skilyrði skuli að vera fyrir hendi til þess að hafnir falli undir og verði hluti af samevrópska flutninganetinu, hvað slíkt hefur í för með sér og hvernig tilkynnt sé um slíka stöðu.
6. Skerpa þarf á ákveðum um álagningu farþegagjalds.
7. Mikilvægt er að unnið verði að einfaldara regluverki varðandi dýpkanir sem tryggja örugga siglingu skipa og viðlegu þeirra.
8. Styrkja þarf ákvæði hafnalaga varðandi lögveð til tryggingar hafnagjöldum. Skipagjöld og lóðarleiga á skipulögðu hafnarsvæði njóta nú lögveðsréttar, en útfæra þarf nánar lögveðsrétt skipagjalda þar sem ýmis fleiri gjöld fylgja þjónustu hafna við skip og báta.

Hafnasambandið bendir á að mikilvægt sé að tryggja höfnum landsins traustan lagagrundvöll sem geri þeim án flókins regluverks og verulega aukins kostnaðar kleift að sinna hlutverki sínu í samgöngukerfi landsins. Hafa þarf í huga að íslenskar hafnir eru nánast allar með blandaða starfsemi sem fiskihafnir, flutningahafnir, ferðaþjónustuhafnir og smábátahafnir. Í samanburði við stærstu flutningahafnir í Evrópu er starfsemi íslenskra hafna því annars vegar umfangsminni og hins vegar ætlað að sinna fjölbreyttri starfsemi.

Lagt er til að við breytingu á lögunum verði ákvæði danskra og norskra hafnalaga skoðuð sérstaklega en að ný ákvæði hafnalaga falli vel að íslensku umhverfi og hlutverki hafna þannig að þær hafi tækifæri til vaxtar og aukinnar starfsemi sem styðji við efnahags- og athafnalíf í Íslandi.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands